

Nd.

## 56. Nefndarálit

[16. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta var tekið fyrir á fundi fjárhagsnefndar í morgun, en ekki urðu nefndarmenn sammála um meðferð þess. Ekki kom þó fram ágreiningur í nefndinni um það, að þörf muni verða fyrir heimildarlög handa ríkisstjórninni, til þess að hún geti innt af höndum venjulegar og óhjákvæmilegar fjárgreiðslur úr ríkissjóði um nokkurn tíma eftir næstu áramót, þar sem þess er ekki að vænta, eins og nú er komið, að fjárlagaafgreiðslu verði lokið fyrir þann tíma. En lagt var til í nefndinni, að afgreiðslu þessa frv. yrði frestað um sinn, þar til fjárlagafrv. hefur verið tekið til 1. umræðu og fjármálaráðherra hefur gert þinginu grein fyrir fjárhagsástæðum ríkisins, eins og venjulegt er við það tækifæri. Meiri hl. nefndarinnar neitaði að fallast á þetta, en samþykkti að afgreiða frv. frá nefndinni nú þegar og mæla með samþykkt þess án breytinga.

Þrátt fyrir áskoranir frá þingmönnum hefur fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1960 ekki enn verið tekið til 1. umræðu. Og af svörum fjármálaráðherra við fyrirspurnum má helzt ráða, að það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að láta fjárlagaumræðu ekki fara fram og veita þingmönnum engar upplýsingar um fjárhagsafkomu ríkisins, áður en þinginu verður frestað. Hins vegar hefur það gerzt, að forsætisráðherra hefur nýlega flutt skýrslu um ástæður og horfur í fjárhagsmálum á fundi í stjórnmalafélagi í Reykjavík, þó að þingmönnum sé neitað um allar upplýsingar um þessi þýðingarmiklu mál.

Ég veit ekki dæmi þess, og þau hafa ekki verið nefnd í umræðum á þessu þingi, að fjárlagaþingi hafi verið frestað, án þess að fjármálaráðherra hafi áður gefið Alþingi yfirlit um afkomu ríkissjóðs og horfur í fjárhagsefnum. Og ég tel það mjög ámælisvert, ef fjármálaráðherra brýtur hefðbundna og sjálfsagða venju í þeim efnum og neitar að veita þinginu slíkar upplýsingar, áður en þinginu verður frestað.

Tillaga meiri hl. nefndarinnar um tafarlausa samþykkt þessa frv. stendur í sambandi við tillögu forsætisráðherra um þingfrestun. Sú tillaga var lögð fyrir þingið 27. nóv., og var þar farið fram á heimild til að fresta þingi 30. nóv., þ. e. eftir 10 daga setu. Stjórnin fékk að vísu ekki fram komið þeim vilja sínum að fresta þinginu þann dag, en allt bendir til þess, að það sé ásetningur stjórnarinnar að knýja fram samþykkt um þingfrestun næstu daga og vísa þingmönnum af þingi þá þegar, þó að fyrir liggja mörg mál á þingi, sem knýjandi þörf er að taka til meðferðar, ýmist til fullnaðarafgreiðslu fyrir þinghlé eða til nauðsynlegs undirbúnings að afgreiðslu þeirra á síðari hluta þingsins.

Ríkisstjórnin hefur enn ekki fullnægt þeirri lagaskyldu að leggja fyrir Alþingi bráðabirgðalögin um verð landbúnaðarafurða, sem út voru gefin í septembermánuði s. l. — Þau lög falla úr gildi 15. des. — Og nú krefst stjórnin þess af stuðningsmönnum sínum á þingi, að þeir samþykki þingfrestun án tafar, svo að hún geti vísað þingmönnum heim, áður en bráðabirgðalögin falla úr gildi.

Samkvæmt þeim yfirlýsingum, sem gefnar voru af frambjóðendum fyrir alþingiskosningarnar í haust, er full ástæða til að ætla, að meiri hluti þingmanna sé andvígur bráðabirgðalögnum um verðlag landbúnaðarafurða og þau þess vegna yrðu felld við atkvæðagreiðslu á þingi. En ríkisstjórnin hefur til þessa hindrað, að þingviljinn kæmi fram í þessu máli. Verði þinginu frestað, án þess að atkvæði gangi áður um bráðabirgðalögin, er þar með komið í veg fyrir, að þingræðið fái notið sín.

Engin vitneskja hefur fengizt um það, hvað ríkisstjórnin hafi í hyggju að gera um miðjan desember, þegar bráðabirgðalögin falla úr gildi, ef þingfrestunin verður þá komin til framkvæmda. Svör hafa ekki fengizt við fyrirspurnum þingmanna um það, hvort til mála geti komið, að ríkisstjórnin gefi þá út ný bráðabirgðalög um það mál. Að óreyndu verður því tæplega trúað, að svo alvarleg misbeiting stjórnarvaldsins sé fyrirhuguð eða verði framkvæmd.

Í yfirlýsingu þingflokks og miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, sem birt var í aðalmálgagni hans, Morgunblaðinu, 19. sept. s. l., var m. a. tekið fram, að flokkurinn mundi leggja til á Alþingi, að bændum verði bætt upp það tjón, sem þeir verða fyrir af útgáfu bráðabirgðalaganna. Þessi yfirlýsing Sjálfstæðisflokksins var endurtekin í Morgunblaðinu 22. sept., og fyrir kosningarnar gáfu frambjóðendur flokksins fyrirheit um slíkar bætur. Hefði því mátt vænta tillögu frá þingmönnum flokksins um þetta efni þegar í þingbyrjun. En vegna þess að ekki bólar enn á tillögu frá þeim um bótagreiðsluna, báru þeir Ásgeir Bjarnason og Ólafur Jóhannesson fram í efri deild breytingartill. við það frv., sem hér liggur fyrir, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða þá 3.18% hækkun á afurðaverði landbúnaðarins frá 1. sept. s. l., er framleiðendum landbúnaðarvara bar samkvæmt útreikningi hagstofunnar.

Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar felldu þessa breytingartillögu í efri deild.

Í neðri deild hefur nú verið lögð fram breytingartillaga við þetta frv., og er hún um uppbótargreiðsluna, samhljóða þeirri tillögu, er flutt var í efri deild. Breytingartillaga þessi er á þingskjali 46, og flutningsmenn hennar eru Ágúst Þorvaldsson og Garðar Halldórsson. Um þessa tillögu fór fram atkvæðagreiðsla í fjárhagsnefnd, og greiddi meiri hl. nefndarinnar, þ. e. fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, atkvæði gegn henni.

Þessi framkoma bendir til þess, að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir ætli ekki, a. m. k. að svo stöddu, að bæta bændum þann tekjumissi, sem þeir urðu fyrir vegna útgáfu bráðabirgðalaganna, þrátt fyrir gefin fyrirheit frá öðrum stjórnarflokknum fyrir síðustu kosningar.

Með útgáfu bráðabirgðalaganna hafa framleiðendur landbúnaðarafurða verið sviptir um 3 mánaða skeið hluta af þeim tekjum, sem þeir áttu rétt á, og tel ég óverjandi að fresta fram á næsta ár að bæta þeim tjónið.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, tel ég ekki rétt að afgreiða þetta frv. að svo stöddu. Ég mun því fara fram á við forseta þingdeildarinnar, að hann fresti umræðu um málið og afgreiðslu þess um sinn.

Alþingi, 3. des. 1959.

Skúli Guðmundsson.